

Krýsuvík — Trölladyngja

Fornleifaskráning

Agnés Stefánsdóttir



Rammaáætlun



Fornleifavernd
ríkisins

2008:16



Forsíða: Ljósmynd: Horft í átt að Selsvöllum, kort af Krýsuvík, LMÍ.
© 2008 Fornleifavernd ríkisins/ Agnes Stefánsdóttir
Ritstjóri Kristín Huld Sigurðardóttir
Rit Fornleifaverndar ríkisins 2008:16
Öll réttindi áskilin
ISSN 1670-6846
ISBN 978-9979-9906-7-3

Prentun: Nón og Leturprent

Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Krísuvík-Trölladyngja	5
2.1	<i>Kaldrani</i>	6
2.2	<i>Brennisteinsnám og jarðhitanyting í Selfúni</i>	9
2.3	<i>Ketilstígur</i>	11
2.4	<i>Gestsstaðir</i>	13
2.5	<i>Garður/gerði í Krókamýri</i>	15
2.6	<i>Vigdísarvellir og Bali</i>	17
2.7	<i>Vigdísarvallastígur</i>	23
2.8	<i>Sogasel</i>	24
2.9	<i>Selsvellir</i>	28
2.10	<i>Hraunssel</i>	32
3	Niðurstöður	35
4	Heimildaskrá	37
5	Viðauki 1. Listi yfir fornleifar	39

Myndaskrá

Mynd 1. Rannsóknarsvæði við Krýsuvík afmarkað með gulri línu ofan á Atlas-kort frá LMÍ.	5
Mynd 2. Kaldrani við Kleifarvatn. Friðlýstur garður nr. 863. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.	6
Mynd 3. Friðlýstur túngarður við Kaldrana. Horft í norður. Ljósmynd Agnes Stefánsdóttir 2008.	8
Mynd 4. Jarðhitasvæði við Seltún. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.	9
Mynd 5. Horft niður eftir Seltúnsgili í austurátt. Ljósmynd Agnes Stefánsdóttir 2008.	10
Mynd 6. Ketilstígur. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.	11
Mynd 7. Gestsstaðir. Friðlýstar fornleifar. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.	13
Mynd 8. Hleðsla í Krókamýri norðan við Vigdísarvelli. Uppmæling AS/JM. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.	15
Mynd 9. Hleðsla nr.404 Ljósmynd Jórunn Magnúsdóttir, 2008.	16
Mynd 10. Vigdísarvellir og Bali. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.	17
Mynd 11. Fornleifar nr. 384. Túngarður Vigdísarvalla. Horft í vestur. Ljósmynd Jórunn Magnúsdóttir 2008.	18
Mynd 12. Bæjarstæði Vigdísarvalla og útihús. Uppmæling Agnes Stefánsdóttir. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.	19
Mynd 13. Vigdísarvellir. Bærinn (nr. 386) vinstra megin við bílinn. Ljósmynd Jórunn Magnúsdóttir 2008.	20
Mynd 14. Tóft nr. 388 á Vigdísarvöllum. Ljósmynd Jórunn Magnúsdóttir 2008.	20
Mynd 15. Bæjarstæði Bala og útihús. Uppmæling Agnes Stefánsdóttir. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.	21
Mynd 16. Bali. Horft í suðurátt. Ljósmynd Agnes Stefánsdóttir 2008.	22
Mynd 17. Vigdísarvallastígur (878). Loftmynd frá Loftmyndum ehf.	23
Mynd 18. Sogasel. Uppmæling Agnes Stefánsdóttir. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.	24
Mynd 19. Sogaselsgígur. Ljósmynd Agnes Stefánsdóttir 2008.	25
Mynd 20. Tóft nr. 407 í Sogaselsgíg. Ljósmynd Agnes Stefánsdóttir 2008.	26
Mynd 21. Tóftir 410 og 411. Horft í norður. Tóft 411 er u.þ.b. fyrir miðri mynd og tóft 410 er upp við skriðu sem runnið hefur niður brekkuna. Ljósmynd Agnes Stefánsdóttir 2008.	26
Mynd 22. Hóll/púst nr. 412. Horft í suður. Ljósmynd Agnes Stefánsdóttir 2008.	27
Mynd 23. Selsvellir. Uppmæling Agnes Stefánsdóttir, 2008. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.	28
Mynd 24. Uppdráttur Guðrúnar Gísladóttur af Selsvöllum 1993.	29
Mynd 25. Selsvellir, eldri seljamingjar. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.	30
Mynd 26. Tóft nr. 855 á Selsvöllum. Horft í norður. Ljósmynd Agnes Stefánsdóttir 2008.	31
Mynd 27. Tóft nr. 854 fyrir miðri mynd. Greina má tvær þústir sitt hvorum megin við lækinn upp. fyrir miðri mynd. Horft í vestur. Ljósmynd Agnes Stefánsdóttir 2008.	31
Mynd 28. Hraunssel. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.	32
Mynd 29. Uppdráttur Guðrúnar Gísladóttur af Hraunseli 1993.	33

1 Inngangur

Í september 2007 skipuðu Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra og Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra verkefnisstjórn sem falið var að undirbúa annan hluta rammaáætlunar um verndun og nýtingu náttúrusvæða. Verkefnisstjórnin tók við af eldri stjórn sem fjallaði um 1. hluta rammaáætlunar og lauk hún störfum árið 2003. Í 1. hluta var lögð áhersla á vatnsaflsvirkjanir, en núverandi verkefnisstjórn leggur áherslu á mat á háhitasvæðum. Henni er þó einnig ætlað að fjalla um vinnuna í fyrsta áfanga og flokka í lokin og leggja mat á virkjunarkosti, jafnt vatnsafls sem háhita, og meta áhrif þeirra á náttúrufar, náttúru- og menningarminjar. Meðal annars með tilliti til orkugetu, hagkvæmni og annars þjóðhagslegs gildis. Samhliða því á að skilgreina og meta áhrif á hagsmuni allra þeirra sem nýtt geta þessi sömu gæði. Undir verkefnisstjórn munu starfa faghópar skipaðir sérfræðingum á viðeigandi sviðum. Faghópunum er ætlað er að fara yfir virkjunarkostti hver frá sínum sjónarhóli, meta þá með stigagjöf og gera tillögur til verkefnastjórnar.

Verkefnastjórnin á að ljúka störfum og skila skýrslu til umhverfis- og iðnaðarráðherra með heildarmati á virkjunarkostum fyrir árslok 2009. Í fyrsta áfanga störfuðu nokkrir faghópar, þeirra á meðal faghópur I sem var m.a. ætlað að meta áhrif virkjunakosta á minjar. Fornleifafræðingar frá Þjóðminjasafni Íslands störfuðu í faghópnum.


Mjög litlar rannsóknir hafa verið gerðar á fornleifum á miðhálandinu og vakti starfshópurinn athygli á þessum skorti. Faghópurinn studdist við svæðisskráningu sem Fornleifastofnun Íslands ses hafði tekið saman. Svæðisskráning felur eingöngu í sér samantekt á heimildum en ekki skráningu fornleifa á vettvangi. Mat á fornleifum í 1. áfanga byggði því ekki á vettvangsrannsóknum og veikti það niðurstöður mats á gildi minjanna.

Þegar vinna við 2. áfanga hófst var því ákveðið að framkvæma fornleifaskráningu á þeim svæðum sem fjallað verður um. Bæði er um að ræða rannsóknir á heimildum um svæðin og eins hefur verið farið á öll svæðin og fornleifar skráðar á vettvangi.

Upphaflega var áætlunin að ráða fornleifafræðinga til að taka verkið að sér en þar sem skortur var á fornleifafræðingum vann starfsólk Fornleifaverndar ríkisins verkið undir stjórn Sólborgar Unu Pálsdóttur. Þá var nemi á síðasta ári BA prófs í fornleifafræði ráðinn sem aðstoðamaður við heimildavinnu og skráningu. Svæðin sem um er að ræða eru 19 og hófst vinnan í maí 2008 og lauk í nóvember 2008.

Skýrsla þessi er liður í fornleifaskráningu háhitasvæða sem til umfjöllunar eru í 2. áfanga rammaáætlunar. Hér verður fjallað um svæðið kringum Krýsuvík. Um vettvangsvinnu sáu Agnes Stefánsdóttir og Jórunn Magnúsdóttir, starfsmenn Fornleifaverndar ríkisins, sumarið og haustið 2008. Á vettvangi voru minjarnar uppmældar með Trimble ProX GPS-tæki og ljósmyndaðar. Þá var ástand minjanna kannað og varðveislugildi minjanna metið. Við þá vinnu var stuðst við skráningarstaðla Fornleifaverndar ríkisins. Allar upplýsingarnar voru færðar inn í landfræðilegan gagnagrunn Fornleifaverndar ríkisins og sá Sólborg Una Pálsdóttir um þann hluta verksins. Skýrslugerð var í höndum Agnesar Stefánsdóttur.


2 Krísuvík-Trölladyngja



Mynd 1. Rannsóknarsvæði við Krísuvík afmarkað með gulri línu ofan á Atlas-kort frá LMÍ.

Rannsóknarsvæðið nær frá Höskuldavöllum í norðri og suður fyrir Grænavatn. Í austri afmarkast það af u.þ.b. miðju Kleifarvatni. Í vestri nær svæðið vestur fyrir Sandfell. Tveir hálsar eða hryggir, Sveifluháls og Núpshlíðarháls, skipta því svo nokkurn veginn í þrjú afmörkuð svæði. Á vestursvæðinu eru helstu minjaflokkarnir sel og leiðir. Alls voru skráð 3 svæði með seljum, Selsvellir, Hraunssel og Sogasel. Á miðsvæðinu eru minastaðirnir færri. Þar eru einnig gamlar leiðir og auk sels sem varð að býli um miðja 19. öld. Á austasta svæðinu er fjölbreytnin mest í minjategundum. Þar eru býli, námur og gamlar leiðir, friðlýstar fornleifar og 20. aldar minjar.

2.1 Kaldrani



Mynd 2. Kaldrani við Kleifarvatn. Friðlýstur garður nr. 863. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Heimildir

Matthías Þórðarson Þjóðminjavörður friðlýsti túngarðsleifar býlisins Kaldrana árið 1930 á grundvelli lýsingar Brynjúlfs Jónssonar:

Kaldrani er nefndur í þjóðsögum. Er sagt að hann hafi verið hjáleiga frá Krýsuvík og staðið inn við Kleifarvatn. Og líka er sagt að þar hafi alt fólkíð dáíð af loðsilungsáti. Örnefnið: Kaldrani er til við vatnið. Sést þar 34 fðm. langur túngarðsspotti úr stórgrýti og lítil grasflöt fyrir ofan, suðaustan í sléttum melhól. Uppi á hólnum er dálítill dreif af hleðslugrjóti, sem virðist flutt þangað af mönnum. Gæti það hafa verið leifar af bænum. Því garðspottinn sýnir það, að þar hafa menn búið á sínum tíma.¹

¹ Brynjúlfur Jónsson: „Rannsókn í Gullbringusýslu og Árnessýslu sumarið 1902“, 50.

Í örnefnaskráum segir að bæjarins sé getið í þjóðsögum og segir sagan að fólkíð á bænum hafi étið loðsilung úr Kleifarvatni sem var eittraður.² Um það á þessi vísa að vera:

Liggur andvana
lýður í Kaldrana
Utan ein seta
er ei vildi eta³

Suður af Kleifarvatni eru Hvammarnir, þar hafa skátar frá Hafnarfirði byggt skála.

Hvammahryggur liggur ofan skálans. En sunnan við hann er Litla-Nýjabæjarhvatn. Seljarúst er þarna og talið, að sel hafi þarna verið í eina tíð frá Kaldrana, sem var eitt býli í Krýsuvíkurlandi.⁴

Samkvæmt heimasíðu gönguhópsins Ferlis eru minjar á þessum stað. Mögulegar tóftir fundust á tveimur stöðum í Hvamminum.⁵

Lýsing

Í austur frá Krýsuvíkurvegi við suðurenda Kleifarvatns liggur vegslóði í átt að frístundabyggð sem þar er við endann á vatninu. 150 metrum NA við vegslóðann og 50 m neðan við Krýsuvíkurveg eru leifar túngarðs (nr. 863) sem svarar nákvæmlega til lýsingar Brynjúlfs hér að ofan. Túngarðsbúturinn er tæplega 60 metra langur og liggur í sveig neðan við melhól. Friðlýsingarskilti er við norðurenda. Krýsuvíkurvegur fer yfir háhólinn vestan við garðinn.

Vestan við veginn uppi í hlíðinni fundust leifar af öðrum garði (nr. 862), mun ógreinilegri. Sumsstaðar er einungis ein steinaröð eftir. Garður þessi liggur nærri þráðbeinn upp. 80 metra langur í SA-NA meðfram veginum. Ef loftmyndin af svæðinu er skoðuð virðist garðurinn halda áfram í NA u.þ.b. 100 metra í viðbót og jafnvel sveigja í átt að veginum. Mögulega hafa þessir tveir garðar ofan og neðan vegar verið samtengdir í upphafi. Ef marka má sagnir um býlið um býlið Kaldrana og að túngarðurinn hafi legið umhverfis bæjarstæðið má telja líklegt að bæjarstæðið sjálft sé nú að mestu horfið undir veg. Upp við og neðan túngarðs 862 er smávegis gróið svæði í dálífilli lægð, þar er nokkuð þýft og mögulega gætu leynst þar tóftir. Annars er svæðið milli garðanna mjög uppblásið.

Hvammarnir sem selið frá Kaldrana á að vera í er rúmlega 1 km. suðsuðaustur af túngarðinum. Það var ekki skoðað að þessu sinni og var ekki greinilegt á loftmynd.

² Örnefnaskrá Krýsuvíkur. Gísli Sigurðsson skráði, 12. - Örnefnaskrá Krýsuvíkur. Ari Gíslason skráði, 6.

³ Örnefnaskrá Krýsuvíkur. Gísli Sigurðsson skráði, 12.

⁴ Örnefnaskrá Krýsuvíkur. Gísli Sigurðsson skráði, 10.

⁵ <http://www.ferlir.is/?id=4450>




Mynd 3. Friðlýstur túngarður við Kaldrana. Horft í norður. Ljósmynd Agnes Stefánsdóttir 2008.

Verndunarforsendur

Einu heimildirnar um bæ á þessum stað eru munnlegar þjóðsögur sem skráðar voru af Jóni Árnasyni. Túngarðurinn bendir hins vegar til þess að einhver fótur sé fyrir sögum um bæ á þessum stað og túngarðsleifar í brekkunni ofan vegar renna frekari stoðum undir það. Hér væri því um að ræða jafnvel elsta bæjarstæði á svæðinu og sem slíkt hefur það mikið rannsóknargildi. Ekki er ólíkegt að finna megi fleiri minjar á þessum stað. Sögusagnir um að sel frá bænum sé í Hvömmunum suður af Kleifarvatni þyrfti líka að kanna nánar.

2.2 Brennisteinsnám og jarðhitanyting í Seltúni



Mynd 4. Jarðhitasvæði við Seltún. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Heimildir

Krýsuvík var og er þekkt sem mikið jarðhitasvæði og var brennisteinsnám þar um hríð. Kongens Mine var í krikanum undir fjallinu rétt hjá borholunni sem samkvæmt Jóni Jónssyni jarðfræðingi (í grein hans “Um heiðar og hraun”) var vinsælasti áningarstaður ferðamanna um Krýsuvíkurveg.⁶

Árið 1753 var reist hreinsunarverk fyrir brennistein í Krýsuvík en hætt var að vinna þar 1761. Eftir það grófu bændur á svæðinu eitthvað af brennisteini og seldu óhreinsaðan í Hafnarfirði.⁷

Í Seltúni eru Seltúnshverir. Seltúnslækur skiptir Seltúni, á vesturbakka hans stóð Námahúsið samkvæmt örnefnaskrá, um 1920 var það notað sem fjárhús og stóð Seltúnshúsrétt þar við. Í brekkunni vestan við Seltúnsgil voru brennisteinsnámurnar.⁸

Ari Gíslason segir í örnefnaskrá sinni að framan við Seltúnið séu Brennisteinshúsarústir á Seltúnsharði sunnan gilsins. “Þar höfðu enskir menn brennisteinstöku á 19. öld.”⁹

⁶ Jón Jónsson: „Um heiðar og hraun“, 89

⁷ Jón E. Vestdal: “Brennisteinsnám”, 66-67

⁸ Örnefnaskrá Krýsuvíkur. Gísli Sigurðsson skráði, 13.

⁹ Örnefnaskrá Krýsuvíkur. Ari Gíslason skráði, 11.

Ólafur Þorvaldsson segir í grein sinni í Árbók hins íslenska fornleifafélags að húsin hafi verið tvö, allstór timburhús.¹⁰

Daninn Kristian Kålund ferðaðist um Ísland á árunum 1872-1874 og kom þá meðal annars í Krýsuvík og skoðaði brennisteinsnámurnar en þær stóðu þá ónotaðar.¹¹

Neðan undir brekkunni var brennisteinshrúga sem hafði orðið eftir er síðasta ferðin var farin í námurnar. Svolfítið vestar en hverasvæðið við Seltúnið eru Hveradalir, þar var brennisteinsnám í Hveradalanámum. Þar má enn sjá dálitla hrúgu brennisteins sem varð eftir er námugreftri þar var hætt. Frá hrúgunni að námusvæðinu var Námastígur.¹²



Mynd 5. Horft niður eftir Seltúnsgili í austurátt. Ljósmynd Agnes Stefánsdóttir 2008.

Lýsing

Mikið er búið að róta þessu svæði. Brennisteinshúsin hafa að öllum líkindum staðið þar sem nú er bílastæði og aðstaða fyrir ferðamenn. Hægt er að sjá nokkurn veginn staðsetningu þeirra á mynd sem Daniel Bruun tók af hverasvæðinu í kringum aldamótin 1900.¹³ Stígar hafa verið gerðir í gegnum og kringum hverasvæðið og á fyrri hluta 20. aldar voru boraðar borholur á svæðinu (nr. 865 og 868). Enn má þó sjá leifar brennisteinsnámunnar sjálfrar (nr. 867) innst í giliinu. Einnig má sjá leifar hleðsla og grjótgarða sem virðast eiga að stýra rennsli lækjarins sem rennur niður eftir giliinu.

Verndunarforsendur

EKKI er mikið eftir af minjum eftir brennisteinsnám en þó má sjá námuna sjálfa inni í giliinu. Seltún er vinsæll ferðamannastaður vegna jarðhitans og hveranna og sjálfsagt að veita minjum um nýtingu jarðhita fyrr á öldum meiri athygli og kynna þær fyrir ferðamönnum.


¹⁰ Ólafur Þorvaldsson: "Fornar slóðir milli Krýsuvíkur og Hafnarfjarðar", 85.

¹¹ Kålund, P.E. Kristian: *Íslenzkir sögustaðir I*, 29.

¹² Örnefnaskrá Krýsuvíkur. Gísli Sigurðsson skráði, 13.

¹³ Jón Þ. Þór og Guðfinna M. Hreiðarsdóttir: *Saga Grindavíkur*, 19.

2.3 Ketilstígur



Mynd 6. Ketilstígur. Loffmynd frá Loffmyndum ehf.

Heimildir

Síðasti hluti leiðarinnar frá Hafnarfirði til Krýsuvíkur lá um Ketilstíg. Farið var meðfram Sveifluháls fram hjá Köldunámum og Hofmannafliót. Skömmu eftir Hofmannafliót er komið að stórum stein á hægri hönd með lítilli vörðu á og er þá sveigt upp á hálsinn. Þá er fyrst gengið upp "allbratt klettahögg" en ofan við það er Ketillinn, kringlóttur,

djúpur dalur eða skál. Stígurinn liggur í hálfhring um Ketilinn upp á við. Ketilstígur var erfiðasti kaflinn á leiðinni og tók 30 – 45 mínútur að fara upp stíginn með lest því flestir teymdu hestana þar upp. Þegar upp á hálsinn var komið var gengið eftir sléttum mel til suðausturs og litlu sunnar komið að Arnarvatni. Eftir það er haldið niður hálsinn sunnanmeginn þar til komið er niður í Seltún.¹⁴

Þekktasta leiðin til Krýsuvíkur fyrrum var Ketilstígur. Hann lá suður með Sveifluhálsi að vestan fram hjá Köldunámum og niður Hofmannafliót. Á þessum stöðum er mikil ummyndun eftir jarðhita og námunafnið bendir til þess að þar hafi brennisteinn verið numinn. Úti í hrauninu vestur af Köldunámum er brennisteinshver, lífið gufuauga, en við það fellur út brennisteinn. Gatan lá um hálsinn þveran. Upp var farið við hringlaga laut, Ketil, og er þar allbratt upp, norðan við Arnarvatn og komið niður í Seltún aðeins norðan við borholuna, sem þar hefur spúð gufu í hátt í fjórða áratug.¹⁵

Lýsing

Ketilstígur sést greinilega frá bílastæðinu við hverasvæðið í Seltúni. Hann liggur þar upp brekkuna og er merktur með skilti. Ketilstígur var ekki genginn að þessu sinni en teiknaður upp eftir loftmynd.

Verndunarforsendur

Ketilstígur er þekkt gönguleið enn í dag. Hann er erfiður yfirferðar vegna mikils bratta en útsýnið er samkvæmt þeim sem til þekkja stórfenglegt.

¹⁴ Ólafur Þorvaldsson: "Fornar slóðir milli Krýsuvíkur og Hafnarfjarðar", 84-85.

¹⁵ Jón Jónsson: "Um heiðar og hraun", 86

2.4 Gestsstöðir



Mynd 7. Gestsstöðir. Friðlýstar fornleifar. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Heimildir

Jarðabók Árna og Páls (1703) segir frá jörðinni Gestsstöðum nálægt Krýsuvík. Þá voru greinilegar bæði tóftir og túngarður þó mikið væri uppblásið. Bærinn hafði þá verið svo lengi í eyði að enginn vissi hvenær hann var byggður síðast.¹⁶

Matthías Þórðarson Þjóðminjavörður friðlýsti eyðibýlið Geststaði við Krýsuvík árið 1930 á grundvelli lýsingar Brynjúlfs Jónssonar:

Geststaðir heitir eyðibær, norðvestur frá Krýsuvík, þar sem hún er nú. Hann hefir staðið sunnanundir dálífilli hæð, sem gengur austur úr Sveifluhálsi. Sér þar enn fyrir tóftum, og hefir þar verið stórbýli á sínum tíma. Bæjartóftin er 10 fðm. löng frá austri til vesturs, hefir engan miðgaf, og mun hafa verið þiljuð sundur. Dyr sjást ógjörla, en á suðurhlíðinni hafa

¹⁶ Árni Magnússon og Páll Vídalín: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III*, 7.

þær verið, því hvorki eru þær á endanum né norðurhlíðinni. Skamt austar er fjóstóft, 6 fðm. löng, og heygarður eigi lítill. Túnið hefir og verið mikið og umgirt, en nú er það víða komið í sand af árennsli. – Þau ummæli heyrði eg í Grindavík fyrir 40 árum, að Krýsuvík hefði í fyrstu heitið Geststaðir og staðið vestur við hálsinn. Nú þykist eg skilja sannleikann í þeim. Jörðin Geststaðir hefir verið eign Krýsuvíkurkirkju. Hefir bærinn og kirkjan því verið flutt í Geststaðaland eftir eldinn. En við það hafa Geststaðir verið sviftir nytjum, og meir og meir þrengt að þeim, unz þeir lögðust í eyði.¹⁷

Í örnefnaskrá segir að á Geststöðum sjái fyrir miklum tóftum og að þar muni hafa verið stórbýli sem munnmæli séu um að hafi fyrrum heitið Krýsuvík.¹⁸

Rústirnar eru undir blásnum hól, ca. 150 m suðvestur af Krýsuvíkurskóla, á um það bil 30x50 metra stóru svæði. Í fornleifaskráningu Bjarna F Einarssonar eru skráðar þarna 3 tóftir, bæjarrúst, garður/gerði og ógreinileg rúst.¹⁹

Heimildir fundust einnig um aðra rúst uppi á hálsinum ekki langt frá, hún stendur stök og greinilegt grjót í hleðslum.²⁰

Lýsing

Geststaðir eru rétt utan við rannsóknarsvæðið og voru ekki mældir upp að þessu sinni vegna tímaskorts. Þeir eru hins vegar merktir inn á loftmynd vegna nálægðar við rannsóknarsvæðið og þar sem þeir eru friðlýstir. Verða rústir þessar mældar upp við fyrsta tækifæri.

Verndunarforsendur

Geststaðir eru líklega eitt af elstu býlunum í landi Krýsuvíkur. Heimildir gefa vísbendingar um að þeir séu jafnvel eldri en Krýsuvíkurbærinn sjálfur. Hér þyrfti að gera frekari rannsóknir til að hægt sé að meta verndargildi minjanna.


¹⁷ Brynjúlfur Jónsson: "Rannsókn í Gullbringusýslu og Árnessýslu sumarið 1902", 50.

¹⁸ Örnefnaskrá Krýsuvíkur. Ari Gíslason skráði, 6.

¹⁹ Bjarni F. Einarsson: *Krýsuvík*, nr. 233.

²⁰ <http://www.ferlir.is/?id=4043>

2.5 Garður/gerði í Krókamýri



Mynd 8. Hleðsla í Krókamýri norðan við Vigdísarvelli. Uppmæling AS/JM. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Heimildir

Engar heimildir fundust um þennan stað.

Lýsing

Í Krókamýri norðan Vigdísarvalla er smá túnblettur. Við hann er hlaðinn L-laga grjótveggur, hlaðinn úr hraungrýti utan í og ofan á hraunklöpp. Við vegginn er nýleg girðing, augsynilega hestagerði sem enn er í notkun. Veggurinn virðist nokkuð eldri og hefur hrunið úr honum á stöku stað.




Mynd 9. Hleðsla nr.404 Ljósmynd Jórunn Magnúsdóttir, 2008.

Verndunarforsendur

Ekki er víst að þessi veggur teljist til fornleifa. Hann stendur svolítið einn og sér og ekki er hægt að tengja hann við aðrar minjar á svæðinu. Er nýttur sem hluti af hestagerði.

2.6 Vigdísarvellir og Bali



Mynd 10. Vigdísarvellir og Bali. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Heimildir

Samkvæmt Jarðabók Árna og Páls frá 1703 var á Vigdísarvöllum selstaða frá Þórkötlustöðum í Grindavík. Henni var lýst sem góðri en langt og erfitt að fara. Selstaðan var í landi Krýsuvíkur en Þórkötlustaðabændur fengu að nýta hana í skiptum fyrir skipsstöðu í Þórkötlustaðalandi.²¹

Á Vigdísarvöllum var og er eitt besta gróðurlendi í Grindavíkurbreppi en staðurinn var hins vegar afskekktur. Árið 1830 var þar reist nýbýlið Vigdísarvellir og skömmu síðar nýbýlið Bali. Ekki er alveg ljóst hvaða ár Bali byggðist, það er ekki nefnt í heimildum fyrir 1840 þegar fyrst er getið búsetu þar en árið 1846 bjó þar sex manna fjölskylda.²² Síðasta heimild um búsetu á Bala er frá árinu 1850.²³

²¹ Árni Magnússon og Páll Vídalín: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III*, 14.

²² Jón Þ. Þór: *Saga Grindavíkur frá landnámi til 1800*, 166.

²³ Jón Þ. Þór og Guðfinna M. Hreiðarsdóttir: *Saga Grindavíkur frá 1800 til 1974*, 87.

Á Vigdísavöllum var búið allavega til ársins 1901, mögulega með einhverju hléi milli 1870 og 1890. Þriðja nýbýlið á svæðinu sem heimildir eru um er býlið Fell. Þar er getið búsetu í manntalinu 1855 en hvorki fyrir né síðar.²⁴

Í lok janúar árið 1905 hrundu eða stórskemmdust öll hús á Vigdísarvöllum og fór bærinn eftir það í eyði.²⁵

Lýsing

Bærinn Vigdísarvellir eru í norðvesturhorni vallanna sem þeir heita eftir. Utan um túnið er mikill túngarður afar greinilegur og heill að mestu, alls rúmlega 1 km. að lengd.




Mynd 11. Fornleifar nr. 384. Túngarður Vigdísarvalla. Horft í vestur. Ljósmynd Jórunn Magnúsdóttir 2008.

Hann byrjar í hlíðinni austan við bæinn, liggur niður(suður) brekkuna sveigir aðeins til suðvesturs þegar komið er niður á jafnsléttu og sveigir aftur til vesturs rétt norðan við akveginn. Eftir 460 metra nokkurnvegin í beina línu vestur sveigir garðurinn til norðurs, liggur vestan við bæjarhúsin og að hluta utan í þeim. Rúmum 100 metrum norðan við þau sveigir garðurinn til austurs og endar 130 metrum síðar upp í hlíðinni. Uppi í hlíðunum sitthvorum megin er garðurinn nokkurn veginn hreinn grjótgarður. Niðri á völlum er hann hins vegar vel gróinn eins og sjá má á mynd 8.

²⁴ Jón Þ. Þór og Guðfinna M. Hreiðarsdóttir: *Saga Grindavíkur frá 1800 til 1974*, 86-87.

²⁵ Árni Óla: *Strönd og Vogar*, 252.

Vestursvæði (Vigdísarvellir og útihús)



Mynd 12. Bæjarstæði Vigdísarvalla og útihús. Uppmæling Agnes Stefánsdóttir. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Bæjarstæði Vigdísarvalla (nr. 386) er upp við túngarðinn vestanverðan. Umfang rústanna er 30x50 metrar með kálgörðum. Veggirnir eru allt upp í rúmlega metersháir og hægt að greina mismunandi hólf í tóftunum þó veggirnir séu farnir að síga nokkuð á köflum.



Mynd 13. Vigdísarvellir. Bærinn (nr. 386) vinstra megin við bílinn. Ljósmynd Jórunn Magnúsdóttir 2008.

Utan í túngarðinum milli garðs og hlíðar, rétt norðan við suðvestur horn garðsins er grjóthlaðið aðhald eða rétt (nr. 390).




Mynd 14. Tóft nr. 388 á Vigdísarvöllum. Ljósmynd Jórunn Magnúsdóttir 2008.

Umhverfis bæjarstæðið sjálf eru þó nokkar tóftir útihúsa. Þrjár litlar tóftir (nr. 387-389) eru rétt vestan við bæjarhúsin. Tvær tóftir (nr. 391-392) eru u.þ.b. 40 metrum suðaustan við bæinn og tóftaþyrping með 3 tóftum (nr. 393, 395, 396) og einni þúst (nr. 394) 70 metrum norðaustan við hann.

Hleðslur eru greinilegar í öllum þessum tóftum og veggir mjög greinilegir og allt að metersháir.

50 metrum norðan við síðastnefndu tóftabyrpinguna er dæld (nr. 397) sem virðist vera leifar einhverskonar mannvirkis. Í kring eru fleiri óljósar dældir sem gætu verið leifar fleiri mannvirkja.

Austursvæði (Bali og útihús)



Mynd 15. Bæjarstæði Bala og útihús. Uppmæling Agnes Stefánsdóttir. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Bali (nr. 385) er í austurhluta túnsins á Vigdísarvöllum. Tóftin er mjög greinileg með tveimur samföstum kálgörðum. Austan við tóftina er önnur tóft (nr. 399), 20 metra löng, tvískipt, með dyr á suðurlangvegg. Austan við hana er kálgarður (nr. 398) og 25 metrum norðan við hann lítill tóft (nr. 400).



Mynd 16. Bali. Horft í suðurátt. Ljósmynd Agnes Stefánsdóttir 2008.


Tvær ógreinilegar tóftir eru í austurtúninu u.þ.b. 10 metra frá túngarðinum (nr. 401 og 402). Þær eru mjög niðursokknar og mun ógreinilegri en aðrar tóftir á svæðinu fyrir utan dældirnar nyrst á vestursvæðinu. Mögulega eru þær eldri en bæirnir og hafa þá tilheyrt selinu sem var hér áður en Vigdísarvellir byggðust um 1830.

Ein tóft var skráð utan túngarðs á austursvæði. Tóft nr. 403 er lítil tóft með grjóti í hleðslum og dyr í vestur. Hún er nokkuð gróin en tilheyrir þó líklega öðrum hvorum bænum frekar en selinu.

Verndunarforsendur

Á þessu svæði eru minjarnar vel varðveittar og menningarlandslagið í heild mjög skýrt. Þó svo minjarnar séu flesta ungar eða frá seinni hluta 19. aldar eru þær afar áhugaverðar sérstaklega sem minnisvarði um kotbýli frá þessum tíma sem annarsstaðar eru flest horfin vegna seinni tíma byggðar. Svæðið er skemmtilegt til útivistar og auðvelt að komast að því bæði að norðan frá Hafnarfirði og að sunnan en vegurinn er yfirleitt vel fólksbílafær.

2.7 Vigdísarvallastígur



Mynd 17. Vigdísarvallastígur (878). Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Heimildir

Stígur liggur fram fyrir hálsinn og inn að Vigdísarvöllum. Annar Vigdísarvallastígur liggur upp á hálsinn hjá Vigdísartjörn eða Vigdísarháls tjörn niður með Vigdísarvallagili og allt fram á Vigdísarvelli.²⁶

Lýsing

Stígurinn sem liggur fram fyrir hálsinn sást á loftmynd og var teiknaður upp eftir henni. Þegar skrásetjari var að mæla upp minjar á Vigdísarvöllum kom hópur hestamanna

²⁶ Örnefnaskrá Krýsuvíkur, Gísli Sigurðsson skráði, 18


effir þessum stíg og var greinilegt að hann er mikið notaður sem reiðleið. Hafa hestamennirnir aðgang að gerði í Krókamyri og á þar áður en farið er áfram eftir Vigdísarvallastíg inn að Vigdísarvöllum.

Ekki var hægt að rekja hinn Vigdísarvallastíginn nema spölkorn upp eftir Vigdísarvallagili og þyrfti að ganga þá leið til að staðsetja hana nákvæmlega.

Verndunarforsendur

Fremri stígurinn er greinilega vinsæll sem reiðleið og er í notkun enn í dag. Ekki er lagt mat á stíginn sem liggur yfir hálsinn þar sem hann hefur ekki verið skoðaður á vettvangi.

2.8 Sogasel



Mynd 18. Sogasel. Uppmæling Agnes Stefánsdóttir. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Heimildir

Sel frá Kálfatjörn þó það sé í landi Stóru-Vatnsleysu. Í Sogaseli skorti hvorki vatn né gras, en þangað var langt og erfitt að sækja skv. Jarðabók Árna og Páls.²⁷ Jörðin Bakki í Vatnsleysustrandarhreppi hafði einnig selstöðu á þessum stað.²⁸

Sogasel er í Vesturhálsi, þangað er um 2,5 klst. gangur frá Kálfatjörn. Umhverfis seltóftirnar er há hringmynduð hamragirðing með opi til suðurs. Þarna er skjól í flestum áttum. Í selinu getur Árni Óla sér til að hafi verið 15 kýr og 36 ær árið 1703.²⁹

Nánari lýsingu er að finna í örnefnaskrá Vatnsleysu:

Sogagígur er þar sem Sogalækur rennur niður brekkuna og er í einni dyngjunni. Í þessum gíg eru Sogaselín. Gígurinn er flatur í botninn og gróinn en kargabýfður. Þar má greina þrjár seljarústir og nokkrar rústir aðrar. Þarna hefur verið einstaklega gott seljaland. Þarna hafði Kálfatjörn í seli og einnig er talið að Krýsuvík hafi átt mánaðar selför.³⁰

Lýsing



Mynd 19. Sogaselsgígur. Ljósmynd Agnes Stefánsdóttir 2008.

Selið er í gömlum eldgíg uppi í vesturhálsi. Ekið er gegnum og framhjá Höskuldarvöllum að borholu og þar beygt upp á hálsinn. Gígurinn er á vinstri hönd þegar komið er upp brekkuna. Milli vegar og gígsins er lækur. Inni í gígnum eru þrjú megin tóftasvæði sem eru að öllum líkindum þau þrjú sel sem nefnd eru í heimildum, frá Kálfatjörn, Bakka og Krýsuvík. Allt svæðið er mjög hlaupið í þufur og er ekki ólíklegt að fleiri tóftir leynist þarna en skráðar voru að þessu sinni.

Tóft nr. 407 er með þrjú samsíða hús auk lítills bakhýsis aftan við miðhúsið og minni tóft eða aðhald framan við syðsta húsið. Hleðslur eru greinilegar en eru áberandi lægri en á hinum tveimur rústasvæðunum sem fjallað er um hér á eftir. Rétt norðaustan við er einföld tóft sem snýr eins og hin með dyr á suðaustur gafli.

²⁷ Árni Magnússon og Páll Vídalín: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III*, 142.

²⁸ Árni Magnússon og Páll Vídalín: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III*, 145.

²⁹ Árni Óla: *Strönd og Vogar*, 246.

³⁰ Örnefnaskrá Vatnsleysu. Gísli Sigurðsson skráði, 8.



Mynd 20. Tóft nr. 407 í Sogaselsgíg. Ljósmynd Agnes Stefánsdóttir 2008.

Tóft nr. 410 er stærsta tóftin á svæðinu. Hægt er að greina allavega 6 hólf auk tvískipts grjóthlaðins aðhalds norðaustan megin. Veggjahæð er yfirleitt rúmur hálfur meter. Lítil ferköntuð grjóthlaðin tóft er rúmlega 10 metrum vestan við.



Mynd 21. Tóftir 410 og 411. Horft í norður. Tóft 411 er u.þ.b. fyrir miðri mynd og tóft 410 er upp við skriðu sem runnið hefur niður brekkuna. Ljósmynd Agnes Stefánsdóttir 2008.

Tóft nr. 411 hefur allavega verið skipt í fjögur hólf sem öll eru í röð frá suðvestri til norðausturs. Veggjahæð er frá 0,2 metrum syðst upp í rúman hálfan meter nyrst. Ef til vill hefur syðsta hólfíð verið aðhald.

Um það bil í miðjum gígnum er stór hóll eða þúst (nr. 412) sem virðist manngerður, ef til vill er hér um að ræða elstu seljarústirnar á staðnum. Ekki er hægt að greina veggj eða hleðslur.




Mynd 22. Hóll/þúst nr. 412. Horft í suður. Ljósmynd Agnes Stefánsdóttir 2008.

Fremst (syðst) í gígnum er lítið aðhald (nr. 405) upp við lágan klettavegg. 30 metrum norðan við það er lítil ógreinileg tóft (nr. 406).

Verndunarforsendur

Hér er um að ræða minjar í afar skemmtilegu og sérstöku umhverfi sem tiltölulega auðvelt er að komast að. Hægt er að aka næstum allveg að mynni gígsins og lækinn er yfirleitt hægt að klofa yfir án vandkvæða. Hér eru allavega þrjú sel frá byrjun 18. aldar og jafnvel eitt til viðbótar sem er mun eldra.

2.9 Selsvellir




Mynd 23. Selsvellir. Uppmæling Agnes Stefánsdóttir, 2008. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Heimildir

Árið 1703 hafði jörðin Húsatóftir við Grindavík lengi haft selstöðu á Selsvöllum en þangað þótti bæði langt og erfitt að sækja.³¹ Þá hafði selstaða einnig verið þarna frá Stað við Grindavík í 80 ár.³²

³¹ Árni Magnússon og Páll Vídalín: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III*, 20.

³² Árni Magnússon og Páll Vídalín: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III*, 22.



Mynd 24. Uppráttur Guðrúnar Gísladóttur af Selsvöllum 1993.

Árið 1844 skrifar séra Geir Bachmann, prestur á Stað bréf til biskups. Þar kemur fram að forverar hans hafi notað selstöðu á þessum stað þegar á þurfti að halda og hann geri það einnig ásamt tveimur hjáleigubændum. Það hafi tíðkast að sóknarbændur færu með fé sitt á Selsvelli þegar prestur notaði ekki selið. Í fyrstu hafi þetta verið með leyfi sóknarprests og hafi þeir þá keypt af honum selhúsin. Þegar bréfið er ritað séu hins vegar 6 bændur auk prests með fé í seli á Selsvöllum og átту allir selhús. Á völlum voru þá um 500 fjár og 30 nautgripir. Kvartar prestur sáran yfir því hann sé að reka selfénaðinn horaðan og nytlausan heim til bæjar þegar fyrir miðjan ágúst.³³

Seltóftir eru í suðvesturhorni vallanna fast við hraunkantinn og virðast þar hafa verið þrjár þyrpingar og tvær kvíar nálægt þeim. Úti í hrauninu er ein kofatóft að auki og lítil kví á smá grasbletti. Jeppaslóð liggur með fjallinu (Núpshlíðarhálsi) og upp við fjallshlíðina þar lækirnir renna fram hlíðina eru gamlar tóftir vel grónar. Vegslóðin liggur milli þeirra.³⁴

Guðrún Gísladóttir landfræðingur teiknaði upp rústirnar á Selsvöllum í ritgerð sinni við Stokkhólmsháskóla árið 1993 og skráði þá 10 tóftir á vestra (yngra) svæðinu og tvær greinilegar og tvær mögulegar tóftir á eystra (eldra) svæðinu.³⁵

³³ Gísli Brynjólfsson: *Mannfólk mikilla sœva*, 43-44.


³⁴ Sesselja G. Guðmundsdóttir: *Örnefni og gönguleiðir í Vatnsleysustrandarhreppi*, 138.

³⁵ Guðrún Gísladóttir: *Geographical analysis of natural and cultural landscape*, 118.

Við Selsvelli voru árið 1703 þrír útilegumenn. Í alþingisbókinni það ár sagt frá dóminum yfir þeim. Tveir þeirra voru hengdir en einn "einungis" húðstrýktur vegna ungs aldurs. Áttu þeir að hafa búið í þrjár vikur í helli skammt frá Hverinum eina, tekið þrjá sauði og rænt ferðamann. Hellir sá sem útilegumennirnir áttu að hafa búið í hefur ekki fundist en gæti þó enn leynst þarna í hrauninu.³⁶

Lýsing

Að þessu sinni voru einungis minjarnar á austursvæðinu mældar upp á vettvangi. Ekki vannst tími til að mæla upp vestursvæðið og voru minjarnar þar merktar beint inn á loftmynd í staðinn.



Mynd 25. Selsvellir, eldri seljaminejar. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Upp við vesturhlíð Selsvallafjalls fundust fjórar greinilegar tóftir og fjórar þústir sem líklega eru tóftir en ekki er hægt að greina vegggleðslur eða form þeirra. Svæðið er allt mjög hlaupið í þúfur og alls ekki ólíklegt að mun fleiri tóftir leynist á svæðinu.

Tóft nr. 855 er stærst og hefur verið alla vega þrískipt. Hún er nokkuð greinileg en vel gróin og engir steinar sýnilegir í veggjum. 10 – 15 metrum norðan við hana eru tvær litlar tóftir einnig vel greinilegar en grónar. Tóft nr. 853 er minni með dyr í vestur. Tóft nr. 854 er einnig með dyr í vestur og glittir í einstaka stein í veggjum.

³⁶ Páll Briem: *Útilegumenn og auðar tóftir*, 153-155.



Mynd 26. Tóft nr. 855 á Selsvöllum. Horft í norður. Ljósmynd Agnes Stefánsdóttir 2008.

Sunnan við þessar tóftir er fjórða mannvirkið (nr. 856), það er mun ógreinilegra og sérstaklega er norðurendi tóftarinnar óljós. Ekki er alveg víst að hún sé jafn löng og sýnt er á uppdrættinum. Sunnan og vestan við þessa tóft eru miklar þúfur, mjög rústalegar.



Mynd 27. Tóft nr. 854 fyrir miðri mynd. Greina má tvær þústir sitt hvorum megin við lækinn upp. fyrir miðri mynd. Horft í vestur. Ljósmynd Agnes Stefánsdóttir 2008.

Vestan við tóftirnar, nær læknum sem liðast meðfram hlíðinni eru allavega fjórar þústir sem skrásetjari telur mjög líklegar fornleifar. Þrjár austan við lækinn (nr. 850-852) og ein vestan við (nr. 849). Vegslóði sem liggur framhjá og milli fornleifanna liggur yfir hluta af þúst nr. 851 og er greinilegt að þarna hefur mikið verið ekið á jeppum og ekki alltaf á


sama slóðanum. Hjólför eru þarna margföld og eru rústirnar í mikilli hættu vegna umferðar bíla um svæðið.

Fleiri þústir virtust skera sig úr umhverfinu séð úr fjarlægð en þegar nær var komið hurfu þær innan um þúfurnar í kring. Það er því alls ekki ólíklegt að mun fleiri tóftir séu á þessu svæði.

Verndunarforsendur


Á Selsvöllum var gríðarlega mikill seljabúskapur, sérstaklega á 18. öld þegar hagar voru yfirleitt lélegir í Grindavík og nágrenni. Svæðið er mjög spennandi til rannsókna og skemmtilegar gönguleiðir eru þarna allt um kring og að svæðinu. Það er ekki mjög aðgengilegt hvað bíla varðar þó einhverjir vegslóðar séu að því. Í raun þyrfti að takmarka bílaumferð að sérstaklega eldra minjasvæðinu því það er í verulegri hættu vegna hennar.

2.10 Hraunssel



Mynd 28. Hraunssel. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Heimildir



Mynd 29. Uppdráttur Guðrúnar Gísladóttur af Hraunseli 1993.

Hraun átti selstöðu þar sem hét Hraunsel og var austanvert í Núpshlíðarhálsi, nokkru sunnar og vestar en Selsvellir, og voru landmerkin í svokölluðum Þrengslum. Árið 1703 var selstaðan þar talin sæmilega góð, en langt að fara.³⁷

Í þjóðhättasöfnun stúdenta sem fram fór árið 1976 var meðal annars spurt um sel og selfarir. Frá Grindavíkurhreppi barst svar manns sem fæddur var að Hrauni árið 1891. Hann sagði frá því að foreldrar hans hefðu haft í seli í Hraunseli sem væri um tveggja tíma gangur frá bænum. Hann taldi að hætt hefði verið að hafa í selinu um 1890.³⁸

Guðrún Gísladóttir teiknaði upp rústirnar í Hraunseli í ritgerð sinni við Stokkhólmsháskóla 1993. Hún fann þá 7 tóftir á svæðinu, eina tvískipta.³⁹ Tíu árum síðar var gerð fornleifaskráning í Grindavík í sambandi við gerð aðalskipulags. Þá voru skráðar þarna fjórar tóftir. Virðist sem það sem Guðrún teiknar sem fjórar aðskildar tóftir syðst á svæðinu séu nú teiknaðar upp sem tvær tóftir, önnur tvískipt og hin þrískipt. Tóftin sem Guðrún sér austast á svæðinu var ekki skráð árið 2003.⁴⁰

Lýsing

Ekki vannst tími til að fara á vettvang og mæla þessar tóftir upp. Þegar reynt var að fara vegslóða sem liggur að tóftunum kom í ljós að vegurinn var ófær vegna bleytu. Tóftirnar voru hins vegar merktar inn á loftmynd. Á henni var hægt að greina 4 örflíð

³⁷ Jón Þ. Þór: *Saga Grindavíkur frá landnámi til 1800*, 166.

³⁸ Guðrún Ólafsdóttir: "Um sel og selstöður í Grindavíkurhreppi", 140.

³⁹ Guðrún Gísladóttir: *Geographical analysis of natural and cultural landscape*, 119.

⁴⁰ Þóra Pétursdóttir: *Fornleifaskráning í Grindavík*, 58.

grænni svæði en umhverfið og staðsetning þeirra er svipuð og á uppdráttum bæði Guðrúnar Gísladóttur og Þóru Pétursdóttur.

Gömul leið (nr. 879) liggur frá Hraunseli í suðaustur. Hægt var að rekja hana á loftmynd alveg að suðurmörkum rannsóknarsvæðisins. Þetta er að öllum líkindum leiðin sem farin var frá Hrauni til selsins.

Verndunarforsendur

Hraunsel er mjög spennandi staður til rannsókna á seljabúskap Grindvíkinga sérstaklega í samhengi við selin á Selsvöllum sem eru frá sama eða svipuðum tíma. Það er ekki mjög aðgengilegt til útivistar þó jeppavegur liggji að því þá er hann ekki alltaf fær.

3 Niðurstöður

	Úrval	Sjaldgæfni	Rannsóknar-og heimiladagildi	Upplifun	Upprunaleiki	Menningarlandsl. Minjageild	Táknraent gildi	Aðgengi	Notkunargildi	Ásigkomulag	Útkoma
Kaldrani	0	+	+	0	+	0	+	+	0	0	5
Brennisteinsnám og jarðhitanýting í Seltúni	0	0	0	+	0	0	0	+	+	0	3
Ketilstígur	0	0	0	+	+	+	0	0	+	+	5
Geststaðir	+	0	+	0	+	+	+	0	0	0	5
Garður/gerði í Krókamýri	0	0	0	0	+	0	0	+	0	0	2
Vigdísarvellir og Bali	+	+	+	+	+	+	0	+	+	+	9
Vigdísarvallastígur	0	0	0	0	+	+	0	0	0	+	3
Sogasel	+	0	+	+	+	+	0	+	+	+	8
Selsvellir	+	0	+	+	+	+	0	0	0	+	6
Hraunssel	0	0	+	0	+	+	0	0	0	+	4

Rannsóknarsvæðið Krýsuvík-Trölladyngja einkennist af tveimur hryggjum eða hálsum, Núpshlíðarháls og Sveifluháls, sem skipta því í þrjú afmörkuð svæði.

Vestasta svæðið, vestan Núpshlíðarháls, er mest afskekkt og nokkuð úr alfaraleið. Þar er helst að finna leifar selja og gamalla leiða að þeim. Þrír minjastaðir eru merkilegastir þarna, allir vegna seljabúskapar. Sogasel er ef til vill mest spennandi af þessum þremur, aðallega vegna þess hversu aðgengilegt það er og vegna sérstaks umhverfis. Þar eru minjar þriggja selja frá 18. öld í gömlum eldgíg og jafnvel mun eldri minjar að auki.

Á miðjusvæðinu milli Núpshlíðarháls og Sveifluháls eru helstu minjarnar bæjarstæði Vigdísarvalla og Bala. Þessar minjar fá hæstu einkunnina í töflunni hér að ofan þar sem tilraun er gerð til að bera saman verndargildi minja út frá nokkrum forsendum. Á Vigdísarvöllum eru sérstaklega skýrar og heillegar minjar býla frá seinni helmingi 19. aldar. Svæðið er afar aðgengilegt og kjörið til útivistar. Væri jafnvel íhugunarvert að friðlýsa það sérstaklega sem menningarlandslag frá 19. öld enda fá ef nokkur slík á friðlýsingarskrá í dag.

Austasta svæðið austan Sveifluháls nær frá u.þ.b. miðju Kleifarvatni suður fyrir Grænavatn og Geststaðavatn. Minjarnar þar eru annars eðlis en á hinum tveimur svæðunum enda er það meira í alfaraleið. Innan rannsóknarsvæðisins eru tvö forn bæjarstæði, minjar um brennisteinsnám frá 18. öld og jafnvel eldri auk leiðar og mögulegs sels.

Merkustu minjarnar eru ef til vill minjar býlanna Kaldrana og Geststaða sem báðar eru friðlýstar. Þó þær fái ekki mjög háa einkunn í töflunni hér að ofan eru þær merkilegar fyrir þær sakir að hér er að öllum líkindum um að ræða elstu búsetuminjar á svæðinu. Kaldrani er einungis þekktur vegna þess að hann er nefndur í þjóðsögu um loðsilung í Kleifarvatni. Sú staðreynd að túngarðsbútur er á þeim stað sem sagt er að bærinn hafi staðið bendir til þess að einhver fótur er fyrir frásögninni af bænum. Við skráninguna nú fannst annar túngarðsbútur sem styrkir það enn frekar að bær hafi staðið á þessum stað.

Geststaðir voru samkvæmt heimildum stórbýli en lögðust í eyði fljótlega eftir að byggð hófst í Krýsuvík. Ef marka má kenningar um að Krýsuvíkurbærinn hafi verið fluttur þangað sem hann er nú eftir eldgos á 12. öld má leiða að því líkur að Geststaðir hafi verið í byggð allavega á þeim tíma og jafnvel fyrr.

Minjar eftir brennisteinsnám á hverasvæðinu við Seltúni eru ekki miklar. Hægt er að sjá ummerki eftir námugróftinn í Seltúnsgili en skálar námumanna eru horfnir og hafa líklega staðið þar sem nú er bílastæði og aðstaða fyrir ferðamenn.

Tvær leiðir voru einnig skráðar á þessu svæði báðar með því að teikna þær upp eftir loftmynd. Heimildir eru um fleiri gamlar leiðir en ekki vannst tími til að ganga þær að þessu sinni og þær voru ekki nógu sýnilegar á loftmynd til að hægt væri að teikna þær upp.

Rannsóknarsvæðið sem fjallað er um í þessari skýrslu er afar stórt og eflaust eru fleiri fornleifar á svæðinu en skráðar voru í þessari umferð. Hinsvegar er hér lagt mat á helstu minjasvæðin. Það er þó nauðsynlegt að hafa í huga að ef ætlunin er að fara í frekari framkvæmdir á þessu svæði er nauðsynlegt að kanna fyrirhuguð framkvæmdasvæðið nánar með tilliti til fornleifa áður en tekin er endanleg ákvörðun um staðsetningu þeirra.

4 Heimildaskrá

Árni Magnússon og Páll Vídalín: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III. Gullbringu- og Kjósarsýsla*. 2. útgáfa. Hið íslenska fræðafélags, Kaupmannahöfn, 1984.

Árni Óla: *Strönd og Vogar. Úr sögu einnar sveitar í landnámi Ingólfs Arnarsonar*. Menningarsjóður, Rv., 1961.

Bjarni F. Einarsson: *Krísuvík. Fornleifar og umhverfi*. Fornleifafræðistofan, Rv., 1998.

Brynjúlfur Jónsson: „Rannsókn í Gullbringusýslu og Árnessýslu sumarið 1902”, *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1903* (Rv., 1903), 31-52.

Gísli Brynjólfsson: *Mannfólk mikilla sæva. Staðhverfingabók*. Bókaútgáfan Örn og Örlygur, Rv., 1975.

Guðrún Gísladóttir: *Geographical analysis of natural and cultural landscape : a methodological study in Southwestern Iceland*. Stockholms Universitet, Stockholm, 1993.

Guðrún Ólafsdóttir: “Um sel og selstöður í Grindavíkurbæ”, *Söguslóðir. Afmælisrit helgað Ólafi Hanssyni sjötugum* (Rv., 1979), 131-143.

Jón Jónsson: „Um heiðar og hraun”, *Árbók Ferðafélags Íslands 1984* (Rv., 1984), 51-112.

Jón E. Vestdal: “Brennisteinsnám”, *Iðnsaga Íslands* (Rv., 1943), 59-73.

Jón Þ. Þór: *Saga Grindavíkur frá landnámi til 1800*. Grindavíkurbær, Grindavík, 1994.

Jón Þ. Þór og Guðfinna M. Hreiðarsdóttir: *Saga Grindavíkur frá 1800 til 1974*. Grindavíkurbær, Grindavík, 1996.

Kálund, P.E. Kristian: *Íslenzkir sögustaðir I. Sunnlendingafjórðungur*. Bókaútgáfan Örn og Örlygur, Rv., 1984.

Ólafur Briem: *Útilegumenn og auðar tóttir*. Menningarsjóður, Rv., 1959.

Ólafur Þorvaldsson. “Fornar slóðir milli Krýsuvíkur og Hafnarfjarðar”, *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1943-1948* (Rv., 1948), 81-94.

Sesselja G. Guðmundsdóttir: *Örnefni og gönguleiðir í Vatnsleysustrandarhreppi (ofan gamla Kefflavíkurvegarsins)*. 2. útgáfa. Lionsklúbburinn Keilir, Vatnsleysuströnd, 2007.

Þóra Pétursdóttir: *Fornleifaskráning í Grindavík*. 3. áfangi. Fornleifastofnun Íslands ses, Rv., 2004.

Óútgefið efni

Heimasíða gönguhópsins Ferlis: www.ferlir.is

Örnefnaskrá Krýsuvíkur. Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnaskrá Krýsuvíkur. Gísli Sigurðsson skráði. Örnefnastofnun Íslands 2004(uppritað).

Örnefnaskrá Vatnsleysu. Gísli Sigurðsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

5 Viðauki 1. Listi yfir fornleifar

Ketilstígur - leið

fvrnr	dags	skras	tegund	hlutverk	ar_fra	ar_til	fridl	astand	h_mat	h_orsok	vh_fra	vh_til	vbr	X ISN93	Y ISN93
877	1.11.2008	as	gata	leið	800	1900	nei	greinanleg	engin hætta		0	0	0	349650,39	381564,84

Vigdísarvallastígur - leið

fvrnr	dags	skras	tegund	hlutverk	ar_fra	ar_til	fridl	astand	h_mat	h_orsok	vh_fra	vh_til	vbr	X ISN93	Y ISN93
878	1.11.2008	as	gata	leið	800	1700	nei	greinanleg	engin hætta		0	0	0	347083,59	380779,81

Vigdísarvellir - býli

fvrnr	dags	skras	tegund	hlutverk	ar_fra	ar_til	fridl	astand	h_mat	h_orsok	vh_fra	vh_til	vbr	X ISN93	Y ISN93
384	19.6.2008	as	garðlag	túngarður	1700	1900	nei	greinanleg	engin hætta		0,1	0,3	0,5	346502,71	380475,48
385	19.6.2008	jm	tóft	óþekkt	1700	1900	nei	vel greinanleg	engin hætta		0,2	1,4	0	346650,78	380503,19
386	19.6.2008	jm	tóft	óþekkt	1700	1900	nei	vel greinanleg	engin hætta		0,2	1,2	0	346303,84	380544,42
387	19.6.2008	as	tóft	útihús	1700	1900	nei	greinanleg	engin hætta		0,3	0,4	0	346278,30	380567,89
388	19.6.2008	as	tóft	útihús	1700	1900	nei	greinanleg	engin hætta		0,4	0,5	0	346260,24	380542,19
389	19.6.2008	as	tóft	útihús	1700	1900	nei	greinanleg	engin hætta		0,5	0,6	0	346269,33	380525,43
390	19.6.2008	as	garðlag	rét	1700	1900	nei	greinanleg	engin hætta		0,2	0,4	0	346247,56	380495,98
391	19.6.2008	jm	tóft	óþekkt	1700	1900	nei	vel greinanleg	engin hætta		0,6	0,8	0	346362,34	380487,56
392	19.6.2008	jm	tóft	óþekkt	1700	1900	nei	vel greinanleg	engin hætta		0,8	1	0	346346,49	380488,39
393	19.6.2008	as	tóft	óþekkt	1700	1900	nei	greinanleg	engin hætta		0,2	0,4	0	346400,94	380580,41
394	19.6.2008	as	þúst	óþekkt	1700	1900	nei	greinanleg	engin hætta		0	0,2	0	346397,05	380579,53
395	19.6.2008	as	tóft	óþekkt	1700	1900	nei	greinanleg	engin hætta		0,2	0,4	0	346392,88	380578,90
396	19.6.2008	as	tóft	óþekkt	1700	1900	nei	greinanleg	engin hætta		0	1	0	346387,25	380587,45
397	19.6.2008	as	dæld	óþekkt	1700	1900	nei	greinanleg	engin hætta		0,3	0,4	0	346383,40	380638,06
398	27.6.2008	as	garðlag	matjurtagarður	1500	1900	nei	greinanleg	engin hætta		0,6	0,8	0	346721,84	380487,49
399	27.6.2008	as	tóft	óþekkt	1500	1900	nei	vel greinanleg	engin hætta		0,5	1	0	346702,43	380500,69
400	27.6.2008	as	tóft	óþekkt	1500	1900	nei	greinanleg	engin hætta		0,3	0,5	0	346728,89	380516,49
401	27.6.2008	as	tóft	óþekkt	1500	1900	nei	illgreinanleg	engin hætta		0,1	0,2	0	346790,24	380417,45
402	27.6.2008	as	tóft	óþekkt	1500	1900	nei	illgreinanleg	engin hætta		0,2	0,3	0	346782,64	380418,42
403	27.6.2008	as	tóft	óþekkt	1500	1900	nei	greinanleg	engin hætta		0,5	0,8	0	346770,99	380356,13

Hlaðinn veggur - aðhald

fvmr	dags	skras	tegund	hlutverk	ar_fra	ar_til	fridl	astand	h_mat	h_orsok	vh_fra	vh_til	vbr	X ISN93	Y ISN93
404	19.6.2008	as	garðlag	rétt	1700	1900	nei	vel greinanleg	engin hætta		1	1,4	0	347492,20	381128,63

Sogasel - sel

fvmr	dags	skras	tegund	hlutverk	ar_fra	ar_til	fridl	astand	h_mat	h_orsok	vh_fra	vh_til	vbr	X ISN93	Y ISN93
405	27.6.2008	as	garðlag	rétt	1500	1900	nei	greinanleg	engin hætta		0,2	0,4	0,5	347393,75	384904,10
406	27.6.2008	as	tóft	óþekkt	1500	1900	nei	greinanleg	engin hætta		0,2	0,4	0	347377,33	384935,17
407	27.6.2008	as	tóft	óþekkt	1500	1900	nei	greinanleg	engin hætta		0,2	0,5	0	347389,95	384962,90
408	27.6.2008	as	tóft	óþekkt	1500	1900	nei	illgreinanleg	engin hætta		0,1	0,2	0	347396,62	384969,00
409	27.6.2008	as	tóft	óþekkt	1500	1900	nei	greinanleg	engin hætta		0,3	0,4	0	347449,85	385000,57
410	27.6.2008	as	tóft	óþekkt	1500	1900	nei	vel greinanleg	engin hætta		0,4	0,8	0	347468,07	384989,79
411	27.6.2008	as	tóft	óþekkt	1500	1900	nei	greinanleg	engin hætta		0,4	0,6	0	347465,90	384940,62
412	27.6.2008	as	þúst	óþekkt	1500	1900	nei	greinanleg	engin hætta		1	1,5	0	347434,24	384934,96

Gestsstaðir - býli

fvmr	dags	skras	tegund	hlutverk	ar_fra	ar_til	fridl	astand	h_mat	h_orsok	vh_fra	vh_til	vbr	X ISN93	Y ISN93
883	1.11.2008	as	þúst	óþekkt	800	1800	já	greinanleg	engin hætta		0	0	0	349132,28	378818,84
861	3.12.2008	sup	þúst	óþekkt	800	1800	já	illgreinanleg	engin hætta		0	0	0	349189,89	378822,67

Selvellir - sel

fvmr	dags	skras	tegund	hlutverk	ar_fra	ar_til	fridl	astand	h_mat	h_orsok	vh_fra	vh_til	vbr	X ISN93	Y ISN93
849	15.10.2008	as	þúst	óþekkt	1500	1900	nei	illgreinanleg	engin hætta		0,4	0	0	345870,86	382363,45
850	15.10.2008	as	þúst	óþekkt	1500	1900	nei	greinanleg	engin hætta		0,5	0,6	0	345919,17	382335,45
851	15.10.2008	as	þúst	óþekkt	1500	1900	nei	greinanleg	hætta	annað	0,3	0,5	0	345928,81	382368,67
852	15.10.2008	as	þúst	óþekkt	1500	1900	nei	illgreinanleg	hætta	annað	0,2	0,3	0	345931,43	382385,37
853	15.10.2008	as	tóft	óþekkt	1500	1900	nei	greinanleg	engin hætta		0,3	0,4	1	345970,29	382384,72
854	15.10.2008	as	tóft	óþekkt	1500	1900	nei	greinanleg	engin hætta		0,5	0,6	1,2	345963,32	382380,43
855	15.10.2008	as	tóft	óþekkt	1500	1900	nei	vel greinanleg	engin hætta		1	1,2	1	345977,76	382365,91
856	15.10.2008	as	tóft	óþekkt	1500	1900	nei	greinanleg	engin hætta		0,2	0,3	1	345985,85	382340,68
880	1.11.2008	as	þúst	óþekkt	800	1700	nei	greinanleg	engin hætta		0	0	0	345656,46	382255,49
881	1.11.2008	as	þúst	óþekkt	800	1700	nei	greinanleg	engin hætta		0	0	0	345634,62	382233,81
882	1.11.2008	as	þúst	óþekkt	800	1700	nei	greinanleg	engin hætta		0	0	0	345657,30	382164,84

Hraunsel - sel

fvmr	dags	skras	tegund	hlutverk	ar_fra	ar_til	fridl	astand	h_mat	h_orsok	vh_fra	vh_til	vbr	X ISN93	Y ISN93
857	3.12.2008	sup	þúst	óþekkt	800	1700	nei	greinanleg	engin hætta		0	0	0	344051,43	379724,72
858	3.12.2008	sup	þúst	óþekkt	800	1700	nei	greinanleg	engin hætta		0	0	0	344048,94	379713,67
859	3.12.2008	sup	þúst	óþekkt	800	1700	nei	greinanleg	engin hætta		0	0	0	344043,74	379704,89
860	3.12.2008	sup	þúst	óþekkt	800	1700	nei	greinanleg	engin hætta		0	0	0	344006,47	379738,23
879	1.11.2008	as	gata	leið	800	1700	nei	greinanleg	engin hætta		0	0	0	341697,42	378509,92

Kaldrani - túngarður

fvmr	dags	skras	tegund	hlutverk	ar_fra	ar_til	fridl	astand	h_mat	h_orsok	vh_fra	vh_til	vbr	X ISN93	Y ISN93
862	14.10.2008	as	garðlag	túngarður	800	1900	já	illgreinanleg	engin hætta		0,1	0,4	0,5	351191,40	382341,67
863	14.10.2008	as	garðlag	túngarður	800	1900	já	greinanleg	engin hætta		0,5	1	1,5	351361,07	382353,14

Smiðja?

fvmr	dags	skras	tegund	hlutverk	ar_fra	ar_til	fridl	astand	h_mat	h_orsok	vh_fra	vh_til	vbr	X ISN93	Y ISN93
866	14.10.2008	as	hleðsla	óþekkt	800	1900	nei	illgreinanleg	hætta	rofs	0	0	0	352046,43	381436,33

Seltún - náma

fvmr	dags	skras	tegund	hlutverk	ar_fra	ar_til	fridl	astand	h_mat	h_orsok	vh_fra	vh_til	vbr	X ISN93	Y ISN93
867	13.10.2008	as	niðurgröftur	brennisteinsnáma	1700	1900	nei	greinanleg	engin hætta		0	0	0	349899,46	380492,64
868	13.10.2008	as	steinsteypa	óþekkt	1900	1950	nei	vel greinanleg	engin hætta		2	3	0	350048,93	380522,38
865	13.10.2008	as	steinsteypa	óþekkt	1900	1950	nei	vel greinanleg	engin hætta		1	1	0	349944,29	380486,31